

um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Kristjánsson, greiði 150.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 27. júní 1978 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 25. september 1980.

Nr. 174/1979. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðbergi Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að kröfu ákærða. Jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar hans.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða.

Auk refsíðóma þeirra, er getur í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi í sakadómi Garðabæjar 6. september 1979 fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 244. gr. sömu laga, framin á árunum 1975—1977. Var refsing samkvæmt þeim dómi því hegningar- auki við refsingu samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði hefur játað brotið, þó þannig, að fjárhæð sú, sem í veskinu var og hann sló eign sinni á, hafi verið tæpar 20.000 krónur. Ekki hafa verið færðar sönnur á, að um hærri fjárhæð hafi verið að ræða. Verður ákærði því eigi sakfelldur fyrir að hafa tekið og slegið eign sinni á hærri fjárhæð.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sekt ákærða og heimfærslu til refsíakvæðis svo og ákvæði um skaðabætur.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., almennra hegningarlaga svo og 72. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Það athugast, að héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að kveðja Ásgeir Pétursson fyrir dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Ásgeiri Péturssyni, Bárugötu 7 í Reykjavík, 20.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. ágúst 1978.

Ár 1978, mánudaginn 21. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryrssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 344/1978: Ákærvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 19. maí 1978, á hendur ákærða, Guðbergi Guðjónssyni sjómanni, Gnoðarvogi 40 í Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1943 þar í borg, „fyrir þjófnað með því að hafa sunnudaginn 23. apríl stolið seðlaveski með allt að 35.000 krónum og skilríkjum úr vasa Ásgeirs Péturssonar, fæddes 15. febrúar 1906, í garði við húsið nr. 7 við Bárugötu í Reykjavík og slegið eign sinni á það.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ásgeir Pétursson, Bárugötu 7, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 35.000 í skaðabætur.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt eigin játningu ákærða fyrir dómi og öðrum gögnum málsins:

Hinn 23. apríl sl. stal ákærði seðlaveski úr vasa Ásgeirs Péturssonar við Bárugötu 7 hér í borg. Í veski þessu voru skilríki og peningar, sem ákærði telur, að hafi numið tæplega kr. 20.000. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík skýrði Ásgeir Pétursson lögreglumönnum svo frá, er þeir höfðu tal af honum framangreindan dag, að í veskinu hefðu verið milli kr. 20.000 og 30.000. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni næsta dag kvað Ásgeir líklega hafa verið í veskinu kr. 35.000 í peningum. Ákærði hefur hins vegar haldið fast við, að í veskinu hafi verið tæplega kr. 20.000 í peningum. Hefur hann fallist á að greiða Ásgeiri þá fjárhæð í skaðabætur.

Framangreindur verknaður ákærða telst sannaður með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1961 hefur ákærði 14 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot. Síðast hlaut hann dóm 29. mars 1977, 2ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakarferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða Ásgeiri Péturssyni skaðabætur, en með hliðsjón af þeirri óvissu, sem ríkir í málinu um fjárhæð peninga, sem í umræddu veski voru, þykir ekki unnt að taka kröfu Ásgeirs til greina að fullu. Verður hér að miða við frásögn ákærða sjálfs, og samkvæmt því verður hann dæmdur til að greiða Ásgeiri kr. 20.000.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Ásgeiri Péturssyni, Bárugötu 7, kr. 20.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 26. september 1980.

Nr. 174/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Steven Arthur March.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er þess krafist, að talsmanns-laun verjanda varnaraðilja verði greidd úr ríkissjóði.

Skjöl máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 24. þ. m. svo og greinargerð verjanda varnaraðilja. Frekari skýrslur rannsóknarlögreglu bárust 25. þ. m. með bréfi ríkis-